



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Varðandi tillögu fulltrúa Flokks fólksins um að aðsetur sérfræðinga verði flutt út í skóla borgarinnar

Á fundi borgarráðs þann 30. mars 2023 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu sem vísað var til skóla- og frístundaráðs til meðferðar:

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að borgarráð samþykki að beina því til velferðarsviðs að fagfólk skólanna (sálfræðingar, talmeinafræðingar og aðrir sérmenntaðir einstaklingar sem starfa innan skólakerfisins) komi meira inn í nærumhverfi barnanna, þ.e. skólana, en nú er raunin. Hávært kall skólasamfélagsins er um að fá sérfræðingana meira inn í skólabyggingarnar, „inn á gólf“ eins og það er kallað og er þá átt við að þeir sérfræðingarnir séu til staðar á staðnum mun oft og meira en nú tíðkast og veiti börnunum þjónustu í þeirra nærumhverfi þegar þau þurfa hana. Það er mat fleiri en fulltrúa Flokks fólksins að kerfið sem nú er í gangi sé of flókið, seinvirkt og óskilvirkt. Áhyggjur eru af því að börnin séu ekki að fá beina þjónustu, séu ekki að fá hlustun á mál sín. Eitt helsta markmiðið með Betri borg fyrir börn var að færa sálfræðinga í nærumhverfi barna og var talið að það þýddi að starfsstöð þeirra yrði þá í skólanum. Það hefur ekki gerst. Tryggja þarf að barn í vanda hitti sálfræðing skólans í eigin persónu og geti myndað við hann trúnaðarsamband í samvinnu og samráði við foreldra. Samtal við barnið er lykilatriði. Þjónusta við börn hefur vissulega verið í þróun í Reykjavík síðustu misseri. Biðlisti barna eftir sálfræðiþjónustu skólasálfræðinga hefur þó aldrei verið eins langur og nú. Á þriðja þúsund börn bíða ýmist eftir fyrstu eða frekari þjónustu, þá helst sálfræðinga og talmeinafræðinga. Þessi sami listi taldi 400 börn árið 2018.

Umsögn skóla- og frístundasviðs:

Verkefnið Betri borg fyrir börn var sett á laggirnar til að efla þjónustu í nærumhverfi barnanna sem getur verið heimili, skóli, leikskóli eða frístundastarf. Vísað er í meðfylgjandi svar við fyrirspurn borgarfulltrúa frá 9. mars 2023 þar sem fram koma helstu áherslur í verkefninu sem meðal annars kemur fram að allir sérfræðingar sem koma að þjónustu við börn eiga að vinna betur saman og tryggja snemmtækan stuðning við börn og fjölskyldur í nærumhverfi þeirra.



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um lausnateymi

Á fundi borgarráðs, 9. mars 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins

Í verkefninu betri borg fyrir börn hafa verið sett á laggirnar svokölluð lausnateymi í skólum til að fækka beiðnum til sálfræðinga. Teymin vinna þó ekki með börnunum heldur aðeins starfsfólki. Flokkur fólksins spyr hverjir eru í þessum teymum og hvernig er vinnu þeirra háttað. Óskað er lýsingu á vinnu slíks teymis t.d. yfir vikutíma. Einnig er spurt hverjir sinna þá foreldrum og börnunum ef sálfræðingar eru staðsettir á miðstöðvunum en ekki í nærumhverfi barnanna.

Svar:

Lög nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna leggur þær skyldur á herðar öllum sem vinna á vettvangi barna að vera vakandi gagnvart velferð og farsæld barna. Telji starfsfólk þörfum barns ekki mætt með viðeigandi hætti ber að bregðast strax við og koma málum í réttan farveg.

Verklag fyrsta stigs þjónustu á vegum borgarinnar skv. 10. gr. laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna er með þeim hætti að fyrst er gert ráð fyrir mati á fyrirbyggjandi gögnum og gerð áætlunar um hvernig vinna skuli með mál barns í samráði umsjónarkennara við forsjáraðila. Forsjáaraðila er bent á tengilið farsældar innan skólans. Umsjónarkennari getur sett sig í samband við deildarstjóra stoðþjónustu til ráðgjafar. Ef frekari stuðnings eða ráðgjafar er þörf er leitað til lausnateymis sem fer yfir upplýsingar og ræðir mögulegar lausnir.

Hlutverk lausnateyma í grunnskólum borgarinnar er að kortleggja stöðu barna með umsjónarkennara barnsins og leita lausna til stuðnings þeim. Í lausnateymi grunnskóla eru félagsleg samskipti, hegðun, nám og líðan barna rædd og viðunandi úrræði virkjuð til að bregðast fyrir við aðstæðum barns. Málið getur varðað einstaka börn eða barnahópa í námi þeirra, starfi og leik. Leita ber eftir samstarfi við foreldra um lausn mála eftir því sem framast er kostur og ávallt skal upplýsa þá um að leita eigi ráða varðandi málefni barns þeirra hjá lausnateymi.

Skólastjórnandi skipar teymisstjóra lausnateymis sem skipað er 2 – 3 fulltrúum grunnskólans, fulltrúa frístundastarfs og fulltrúum skóla- og frístundaþjónustu frá miðstöðvum. Fulltrúar skólastarfsins geta verið skólastjórnandi, sérkennslustjóri, deildarstjóri í skóla, sérkennari,



námsráðgjafi eða þroskaþjálfari. Fulltrúi frístundastarfsins getur verið forstöðumaður frístundaheimilis og/eða félagsmiðstöðvar. Fulltrúar skóla- og frístundaþjónustu geta verið hegðunarráðgjafi eða kennsluráðgjafi. Teymisstjóri kallar aðra inn, s.s. skólahjúkrunarfræðing, skólasálfræðing, unglingaráðgjafa, félagsráðgjafa, deildarstjóra barna eða unglingastarfs í frístundastarfi eða ráðgjafaproskaþjálfara frístundastarfs eftir því sem ástæða er til. Kennari, sem óskar eftir aðstoð teymis, getur valið að taka með sér samstarfsmann til að hafa með á fund teymis.

Verklag lausnateyma er með þeim hætti að starfsfólk grunnskóla skilar beiðni, *Ráðgjöf lausnateymis*, til teymisstjóra en starfsfólk frístundastarfs til viðkomandi forstöðumanns. Lausnateymi hefur fasta fundartíma að minnsta kosti 2 - 4 sinnum í mánuði, oftast ef teymisstjóri telur þörf á því. Teymistjóri sér til þess að haldin sé fundargerð og ber ábyrgð á vistun hennar. Á lausnateymisfundum er staða mála kortlögð og úrlausna leitað. Teymið ákveður hvað skal gera og skráir áætlun sem er endurskoðuð eftir þörfum og mat lagt á árangur í samráði við forsjáraðila.

Ef lausnateymið telur að ekki hafi orðið bót á vandanum eftir 6-8 vikna úrlausnavinnu er máli vísað til nemendaverndarráðs í samráði við forsjáraðila. Í tilteknum aðstæðum getur lausnateymi ákveðið að vísa máli beint til nemendaverndarráðs.

Vinna við innleiðingu lausnateyma í leikskólum er að hefjast og áætlað er að innleiða lausnateymi í leikskólana í haust. Stofnað verður þverfaglegt teymi til að meta þá vinnu sem hefur farið fram í grunnskólunum og aðlaga að leikskólum. Stefnt er að því að lausnateymin muni vinna á svipaðan hátt og eftir samræmdum reglum á báðum skólastigum.

Meðfylgjandi eru upplýsingar um hlutverk og verklag lausnateyma í grunnskólum Reykjavíkur.



Lausnateymi í grunnskólum Reykjavíkur

Hlutverk og verklag

Hlutverk

- Hlutverk lausnateymis er að kortleggja stöðu barna og leita lausna til stuðnings þeim.
- Í lausnateymi eru félagsleg samskipti, hegðun, nám og líðan barna rædd og viðunandi úrræði virkjuð til að bregðast fyrr við erfiðleikum eða aðstæðum barns. Málið getur varðað einstaka börn eða barnahópa í námi þeirra, starfi og leik. Ávallt skal upplýsa forsjáraðila um að leita eigi ráða varðandi málefni barna þeirra hjá lausnateymi.

Teymið

- Skólastjórnandi skipar teymisstjóra lausnateymis, hér eftir kallaður teymisstjóri.
- Teymið er skipað 2-3 fulltrúum grunnskólans, fulltrúa frístundastarfs og fulltrúum skóla- og frístundaþjónustu. Fulltrúar skólastarfsins geta verið skólastjórnandi, sérkennslustjóri, deildarstjóri í skóla, sérkennari, námsráðgjafi eða þroskaþjálfari. Fulltrúi frístundastarfsins getur verið forstöðumaður frístundaheimilis og/eða félagsmiðstöðvar. Fulltrúar skólaþjónustu geta verið hegðunarráðgjafi eða kennsluráðgjafi.
- Teymistjóri kallar aðra inn, s.s. skólahjúkrunarfræðing, skólasálfræðing, unglingaráðgjafa, félagsráðgjafa, deildarstjóra barna eða unglिंगastarfs í frístundastarfi eða ráðgjafaproskaþjálfara frístundastarfs eftir því sem ástæða er til.
- Kennari, sem óskar eftir aðstoð teymis, getur valið að taka með sér samstarfsmann til að hafa með á fund teymis.

Verklag

- Starfsfólk grunnskóla skilar beiðninni *Ráðgjöf lausnateymis* til teymisstjóra. Starfsfólk frístundastarfs skilar beiðninni til viðkomandi forstöðumanns.
- Lausnateymi hefur fasta fundartíma að minnsta kosti 2-4 sinnum í mánuði, oftast ef teymisstjóri telur þörf á því. Teymistjóri sér til þess að haldin sé fundargerð og ber ábyrgð á vistun hennar.
- Á lausnateymisfundum er staða mála kortlögð og úrlausna leitað. Úrlausnir eru unnar í samráði við forsjáraðila þegar við á. Sjá nánar, *Verklag 1. stigs þjónustu*.

Ef lausnateymið telur að ekki hafi orðið bót á vandanum eftir 6-8 vikna úrlausnavinnu er máli vísað til nemendaverndarráðs í samráði við forsjáraðila.

Í tilteknum aðstæðum getur lausnateymi ákveðið að vísa máli beint til nemendaverndarráðs.